

Miðvikudaginn 22. júní 1932.

Nr. 18/1932. Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, f. h. hafnarsjóðs Hafnarfjarðar

(Stefán Jóh. Stefánsson).

gegn

h/f Júní (Eggert Claessen).

Stefndi eigi talinn hafa átt sök á tjóni, er hlaut út af árekstri skips á bryggju áfrýjanda.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðar 31. okt. 1931: Hið stefnda fiskveiðahlutafélag, h/f júní, Hafnarfirði, ber að sýkna af kröfum stefnanda, bæjarstjóra Emils Jónssonar, fyrir hönd hafnarsjóðs Hafnarfjarðar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir hér fyrir réttinum gjört þær réttarkröfur, að hið stefnda hlutafélag verði dæmt til að greiða sér kr. 10743.82 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1931 til greiðsludags og málskostnað í sjódomi og í hæstarétti eftir mati réttarins. Kröfur þessar byggir hann á því, að hið stefnda hlutafélag eða starfsmenn þess hafi átt sök á því tjóni, er varð á hafskipabryggju hafnarsjóðs í Hafnarfirði hinn 14. febr. 1931, er e/s Eljan, eign hlutafélagsins rakst á nefnda bryggju. Telur hann að áreksturinn hafi hlotizt af því, að e/s Elju hafi verið bundið við bryggju þá, er það slitnaði frá nefndan dag með of fáum og of veikum festum, að skipið hafi þá engin legufæri haft, að enginn vörður hafi verið haldinn í því, og menn þeir, er unnu að því að varna því, að skipið losnaði frá bryggjunni, hafi yfirgefið það meðan hættan stóð yfir og loks, að vanrækt hafi verið eftir að áreksturinn varð, að

gjöra ráðstafanir, er dregið mundu hafa úr tjóninu til muna.

Að því er snertir festar skipsins, þá er það upplýst í málinu, að skipinu var sunnudaginn 28. dez. 1930 lagt í suðurkrók vestari hafskipabryggjunnar í Hafnarfirði þannig, að það sneri stafni til norðvesturs. Var það að framan bundið við tvo festarhæla á bryggjunni, annan á landgangi hennar, en hinn á bryggjuhausnum við landganginn, við hinn fyrrnefnda með 6 þumlunga tjörukaðli og við hinn síðarnefnda með fimmföldum 2½ þuml. vírmanillukaðli. Að aftan var skipið bundið við festarhæl á bryggjuhausnum þannig, að 6—7 þuml. digrum graskaðli var brugðið um festarhælinn og skipið fest við kaðal þennan með 2½ þuml. vírmanillukaðli. Lá skipið síðan við þessar festar, þar til laugardaginn 31. jan. 1931. Þann dag var e/s Namdal lagt við bryggjuna fyrir innan e/s Elju, og var þá slakað á festum e/s Elju nægilega til þess að hitt skipið gæti verið fyrir innan og jafnframt var bætt við fjórðu festinni, 5 þuml. kaðli, úr e/s Elju og í landgang bryggjunnar. Í leiðarþók skipsins, sem að þessu leyti hefir verið staðfest fyrir rétti af skipstjóra, fiskiskipstjóra og 3 hásetum á e/s Elju, er þess getið, að allar þessar festar hafi verið nýlegar og lítið notaðar og að eftirlit hafi stöðugt verði haft með festunum svo að þær ekki nudduðust til skemmda, og er ekkert komið fram í málinu, er þessu hnekki.

Þá hefir og vörðurinn við bryggju þá, er skipið lá við, borið það fyrir rétti, að hann hafi samþykkt, að skipið lægi við bryggjuna á þann hátt sem því var fest, og að hann hafi ekkert haft við festarnar að athuga. Með hliðsjón af þessu og að því athug-

uðu, að skipið lá við umgetnar festar nærri sjö vikur án þess að nokkuð yrði að, verður það eigi talið sannað, að svo óvarlega hafi verið frá festum skipsins gengið, að stefndur fyrir þá sök beri ábyrgð á tjóni því, er af árekstrinum hlaut.

Að visu er það viðurkennt, að enginn vörður hafi verið haldinn í skipinu meðan það lá við bryggjuna. En eigi verður þó talið, að stefndur hafi bakað sér sök á árekstrinum með því, því það er upplýst, að þegar veður tók að versna þ. 14. febr. fór fiskiskipstjóri skipsins með 3 menn með sér út í skipið til þess að líta eftir landfestum þess. Bættu þessir menn einni festi við þær, er fyrir voru, nýjum 2½ þuml. stálvír, er þeir lögðu fram af skipinu bakborðsmegin og bundu í festarhæl á miðri bryggjunni, og auk þess bundu þeir úti í skipinu um allar landfestarnar, er lágu fram af því, svo að þær gætu eigi losnað. Að visu yfirgáfu menn þessir skipið kl. um 6 e. m., en þegar þess er gætt, að um 15 mínútum eftir að þeir fóru losnaði skipið frá bryggjunni, þá verður það að teljast mjög ólíklegt, að þeim hefði verið unnt að koma í veg fyrir það, þó þeir hefðu verið viðstaddir, enda er það upplýst, að mjög örðugt var til athafna á bryggjunni vegna sjávargangs og veðurofsa. Það verður heldur eigi eftir atvikum talið hafa komið að sök, að skipið hafði eigi legufæri. Þegar litið er til þess hve skammt er á milli bryggjanna og hinsvegar þess, að upplýst er, að hvassviðrið var svo mikið, að botnvörpuskip, er úti hafði bæði akkeri og 10 liði af keðju rak þar á höfninni um þetta leyti, þá er ólíklegt, að hægt hefði verið að koma í veg fyrir áreksturinn með því að láta akkeri falla.

Áfrýjandi hefir bent á tvö atriði, er hann telur

að framkvæma hefði mátt eftir að skipið rakst á bryggjuna og leitt hefði til þess, að tjónið hefði orðið mun minna.

Er annað þeirra það, að draga hefði mátt skipið upp með bryggjunni upp í fjöru, en hitt að unnt hefði verið að opna botnloku skipsins og sökkva því. Um fyrra atriðið er það upplýst, að reynt var að draga skipið þannig upp með bryggjunni, en þetta tókst ekki nema að litlu leyti vegna þess að akkeri e/s Namdal hafði fests á öldustokknum á e/s Elju stjórnborðsmegin, er skipin losnuðu frá bryggjunni. Um hitt atriðið, sem stefndu mótmæla, að unnt hefði verið að framkvæma, liggja eigi þær upplýsingar fyrir í málinu, að rétt þyki af þeim sökum að leggja ábyrgðina á tjóninu á stefnda.

Samkvæmt framansögðu verður því eigi talið, að upplýst sé, að árekstur þessi hafi hlotið af öðru en óhappatilviljun og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Málskostnað í hæstarétti þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu með 250. kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, f. h. hafnarsjóðs Hafnarfjarðar, greiði stefndu, h/f Júní, 250 kr. í málskostnað í hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útgefinni 21. marz þ. á., hefir stefnandinn, bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar, fyrir hönd hafnarsjóðs kaupstaðarins, höfðað mál þetta gegn eiganda línuveiðigufuskipsins Eljan, S. U. 433, fiskveiðahlutafélaginu Júní í Hafnarfirði, til greiðslu á skaðabótum fyrir

skemmdir á nýju hafskipabryggjunni í Hafnarfirði, eign bæjarins, að upphæð kr. 10743.82, er orðið hafi við árekstur fyrrgreinds skips á bryggjunni, að kveldi 14. febrúar s. l. Krefst og stefnandinn þess, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum 6% ársvexti af hinni umstefndu upphæð frá stefnudegi til greiðsludags. Í stefnunni er og þess krafizt, að viðurkenndur verði með dómi réttarins, sjóveðréttur í fyrrgreindu skipi, Eljan, S. U. 433, fyrir hinni umstefndu upphæð með vöxtum og kostnaði, og loks er krafizt, að stefndur verði dæmdur til þess, að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Það virðist vera nægilega upplýst og er eigi heldur mótmælt, að umrætt skip, Eljan, S. U. 433, hafi að kveldi 14. febr. þ. á. ásamt línuveiðagufuskipinu, e/s Namdal, R. E. 260, kl. 6 e. m. greindan dag, slitnað frá eldri hafskipabryggjunni hér, og þau bæði rekizt á nýbyggða hafskipabryggju bæjarins eða hafnarsjóðs, sem laskaðist allmikið, brotnaði og skekktist til að ofan og hafa skemmdir þessar verið metnar af dómkvöddum mönnum á samtals kr. 10743.82, að því er e/s Eljan áhrærir, eða af völdum skips þessa eingöngu. — Það virðist og nægilega upplýst af sjóferðaprófum þeim, er fram hafa farið, að veður oftgreindan dag hafi snögglega farið versnandi, og að fyrrgreind skip hafi kl. að ganga 7 þá um kvöldið sést á reki, stjórnlaus, „damplaus“, og þau bæði þegar lent á hafnarbryggju hafnarsjóðs, sem er innar á höfninni, sama megin og hin eldri bryggja, örskammt frá henni, en vindur í fyrstu á suðvestan, er gekk til vesturs bráðlega, og þegar skipin slitnuðu frá bryggjunni, eða um það leyti, er sagt er í sjóferðaprófunum að verið hafi „afspyrnu vestan veður“, „naumast stætt á bryggjunni vegna vinds og sjávargangs“, og muni því flestir hafa horfið af bryggjunni“, „mátt heita óstætt á bryggjunni og þeir orðnir gegnblautir allir“ o. s. frv. Lágu fyrrgreind skip, er veðrið skall á, samhliða í suðurkrók eldri- eða ytri bryggjunnar, þannig að e/s Namdal hafi verið lagt á milli bryggjuhaussins og e/s Elju, og bæði skipin fest þannig við bryggjuna með venjulegum festum, og e/s Namdal auk þess með akkeriskeðjunni, er lásuð var upp í bryggjuna, en hvorugt skipið lá fyrir legufærum við bryggju þessa,

nema togararnir Walpole og Sviði, er bæði lágu utan á bryggjuhausnum fyrir akkerum, e/s Walpole án gufu, og á því skipi slitnuðu festar nokkrar upp á bryggjuna, en skip þetta slitnaði þó eigi frá bryggjunni alveg, og er festar tóku að slitna af e/s Sviða, sem var með gufu uppi, var talið öruggast að leggja skipinu frá bryggjunni og var það dregið frá bryggjunni á akkerisfestinni út á ytri höfn, hvar það lagðist fyrir 2mr akkerum og 10 liðum af keðju, en kl. 7½ e. m. fer skipið að reka að bryggjunni aftur eða inn höfnina, og lá skipið eigi fast fyrr en það einnig lá við varpakkeri með 50 faðma virstreng og „stímað“ var fram á keðjurnar.

Undir rekstri málsins er því haldið fram af stefnanda samkvæmt gögnum þeim, er fram hafa komið í málinu, að auðsætt virðist vera, að skort hafi nokkuð á, að viðhöfð hafi verið á skipinu sú aðgæzla, athugun og árvekni, sem nauðsynleg hafi verið í því vonda veðri að kveldi hins 14. febr. þ. á. er skipin rákust á bæjarbryggjuna, að því er oftgreind skip e/s Eljan og e/s Namdal áhrærir, samanborið við önnur skip, er við bryggjuna lágu eða fyrrgreinda togara, einkum Walpole, og svo skipin e/s Sæbjörg og e/s Papey, er lágu við hina bryggjuna, án þess að hafa gufu uppi, en hvorki slitnuðu frá henni né heldur löskuðust eða skemmdu bryggjuna að nokkru ráði. — Segir hann að menn þeir 3 að tölu, er unnið hafi við að festa e/s Eljan í umrætt skipti, hafi allir farið frá skipinu rétt áður en það slitnaði frá bryggjunni, en menn jafnan verið í skipinu Walpole við sömu bryggju, engin legufæri hafi verið í e/s Eljan, og engir menn verið settir til að gæta skips þessa, hvorki fyrr né eftir að frekari festing fór fram á því í margumrætt skipti, og loks að enginn maður hafi verið í skipi þessu við bryggjuna til þess að annast um festing á því og lita eftir festum, er slitna kynnu, o. s. frv. og er það álit stefnanda, að skipið hefði aldrei slitnað frá bryggjunni ef nægur mannaflí hefði verið alltaf á verði, reiðubúinn til þess að bæta við nýrri festi, er einhver sem fyrir var, slitnaði, bæði á bryggjunni, og á skipsfjöl, og nægilegar festar jafnan verið við hendina. —

Telur stefnandinn þetta allt vera óforsvaranlegt og leiða til þess, að stefndur eða eigandi skipsins, hafi orðið

skaðabótaskyldur út af skemmdum þeim, sem skipið olli á bryggju hafnarsjóðs í umrætt skipti.

Stefndur hefir á hinn bóginn mótmælt þessu, samkvæmt upplýsingum þeim, er fram hafa komið í sjóferðaprófunum, sem hann skýrskotar til, að ástæðan til þess að e/s Eljan slitnaði frá bryggjunni og rakst á hafskipabryggju bæjarins hafi verið óvenjulega mikið stórvíðri og óvenjumikill sjógangur, og að það hafi verið gjör-samlega óviðráðanlegt atvik, að skipið slitnaði frá bryggjunni hér og rak á bæjarbryggjuna, og heldur hann því fram, að allt það hafi verið gjört, er í mannsvaldi stóð til þess að forðast að skipið slitnaði frá bryggjunni. — Segir stefndur og að aðstaða skipanna e/s Eljan og e/s Namdal við hafnarbryggjuna hafi verið allt önnur en aðstaða tog-arans Walpole, sem legið hafi utan á bryggjunni, í meira hlé við vind og sjógang en þau skip, sem og skipin Sæbjörg og Papey við hina bryggjuna, og sjógangur minni við skip þessi en hin skipin. —

Gjörir stefndur þær réttarkröfur, að hann verði algjör-lega sýknaður í málinu, en stefnandinn dæmdur til þess að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins samkvæmt málskostnaðarreikningi. En til vara mótmælir hann matsupphæðinni eða skaðabótakröfunni að því er e/s Eljan áhrærir, og matsgjörðinni yfirhöfuð, þar hon-um eigi hafi verið gefinn kostur á að vera við matið, og að í matsgjörðinni sé eigi rétt sundurgreint, hvaða skemmdir á hafskipabryggjunni stafi af árekstri e/s Elju, og hvaða skemmdir e/s Namdal hafi gert á henni, — en sérstaklega mótmælir stefndur því, að e/s Eljan hafi skemmt nokkra bryggjustólpa, að minnsta kosti eigi svo að endurnýja þyrfti, og engin tangartré, kanttré né heldur dekkplanka, og loks heldur stefndur því fram, að samkv. sjölögunum, hvíli eigi ábyrgð á honum til skaðabóta fram yfir verð skipsins, sem selt hafi á opinberu uppboði á kr. 901,00 aðeins, með öllu skipinu tilheyrandi, en stefn-andinn hefir á hinn bóginn mótmælt þessu, og haldið því fram, að eigi allt, sem skipinu tilheyri hafi verið selt með því, legufæri o. fl., skipinu tilheyrandi, og eins hafi sjó-veðið stórskemmt í meðförum stefnda eftir að árekstur-inn á bryggjuna varð. —

Samkvæmt því, er að framan greinir og ljóslega kemur fram í sjóferðaprófum, þeim er haldin hafa verið út af áorðnum sjóskemmdum á hafskipabryggju hafnarsjóðs Hafnarfjarðar að kveldi hins 14. febrúar þ. á., virðist eigi vera skiptar skoðanir manna á milli um það, að skollið hafi á mikið óveður, og verið komið á ofsa — eða afspyrnurok af vestri, með óvenjulega miklum sjógangi innan hafnar, er skipin e/s Eljan og e/s Namdal slitnuðu frá eldri hafskipabryggjunni hér kl. rúmlega 6 e. h. greindan dag, enda því eigi mótmælt, að svo hafi verið í umrætt skipti né heldur því haldið fram, að eigi eftir atvikum hafi verið forsvaranlega gengið frá festum hérumrædds skips, e/s Eljan, S. U. 433, heldur því haldið fram að eigi hafi verið höfð sú aðgæzla, athugun og árvekni, sem nauðsynlegt hafi verið í því tilliti, að hafa engan mannafli við hendina, eða á bryggjunni og á skipinu, til þess að bæta við nýjum festum þegar þær, sem fyrir voru, slitnuðu, og einnig nægar festar á bryggjunni eða í skipinu til vara í þessu skyni, og að engir sérstakir menn hafi verið settir til þess að gæta skipsins, hvorki fyrr né eftir að frekari festing hafi farið fram í umrætt skipti, og loks að engin legufæri hafi verið í skipinu. —

Það verður nú að visu að teljast varhugavert yfirhöfuð, og eigi eftirbreytnisvert, að hafa skip í opinni höfn um þann tíma árs, er hér um ræðir, en það virðist þó berlega koma fram í sjóferðaprófunum, að aðstaða eftirgreindra skipa, e/s Eljan og e/s Namdal hafi verið önnur, og að mun verri en togarans Walpole í umrætt skipti, svo og þeirra skipa, er við bæjarbryggjuna voru, þar öll þessi skip lágu í meira skjóli fyrir vindi og sjógangi, en hin skipin, einkum að því er frákast sjávar frá svonefndu Hellyers-plani áhrærir, sem og mun hafa verið aðalorsókin til að skipin slitnuðu frá bryggju þeirri, er þau lágu við, og eftir því sem fram er komið í prófunum og fyrr greinir, var veðurmagnið svo mikið á bryggjunni, sbr. framl. skýrslu frá skipstjóranum á e/s Sviða hér um, og því naumast hugsanlegt, að nokkuð hefði getað orðið af björgun skipanna, þótt fleiri menn hefðu verið kvaddir að endurnýja skipsfestar eða vera til staðar í því skyni, eða sérstakir menn verið þar til eftirlits og aðstoðar og legu-

færum var enganveginn við komið, hvorki til að halda skipunum föstum við bryggjuna, né að hindra að þau rækjust á bryggju bæjarins. —

Það virðist því hafa, eins og á stóð, verið við óviðráðanlegt náttúruafl eða *vis major* að etja í margumrætt skipti, og þess vegna ekki á neins manns ábyrgð, að oftgreint skip, e/s Eljan, S. U. 433, slitnaði frá bryggjunni og rakst á bryggju stefnanda, eða bæjarbryggjuna. —

Virðist því eiga að sýkna stefndan eða eiganda skips þessa af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu, og að málskostnaður eigi eftir atvikum að falla niður.

Miðvikudaginn 22. júní 1932.

Nr. 25/1932. **Kristján Kristjánsson**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Eggert Kristjánssyni, f. h. Frederikssunds Skibsværft v/ Kr. Andersen,

(Eggert Claessen).

Guðlaugi Eiríkssyni, Jóni Eiríkssyni og Guðmanni Grímssyni (Enginn).

Staðfesting frávisunardóms; málssókn gegn stefnda vegna umræddrar skipasmiðastöðvar óheimil.

Dómur sjóréttar Gullbringu og Kjósarsýslu 10. ágúst 1931: Máli þessu visast frá sjóréttinum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Pegar mál þetta skyldi flutt í hæstarétti mætti enginn af hálfu stefndu, Guðlaugs Eiríkssonar, Jóns Eiríkssonar og Guðmanns Grímssonar. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.